

## Skýrsla vallarstjóra 2016

Annað árið mitt á Öndverðarnesi er nú að líða undir lok. Sumarið gekk vel og með tímanum hef ég fengið betri tilfinningu fyrir svæðinu og vellinum.

Örn Karlsson lét af störfum fyrir klúbbin 1. júní og á hann allar þakkir skildar fyrir samstarfið. Við vorum heppin með endurheimtir á sumarstarfsmönnum og hjá okkur störfuðu auk mín Ingví Rafn Óskarsson, Einar Ásgeir Hoffmann, Ásbjörn Einarsson, Ingbór Birkir Árnason og Ólafur Dór Steindórsson. Ólafur kemur með mikla reynslu af vellinum í Hveragerði þar sem hann hefur starfað síðastliðin átta sumur á undan og var því dýrmæt viðbót við mannauð okkar.

Ólafur starfar með okkur út nóvember og kemur sprækur til baka í vor. Hann verður lykilstarfsmaður okkar í vor þar sem ég geri ráð fyrir að það verði töluverð endurnýjun næsta sumar og öll reynsla er dýrmæt. Að auki fengum við unglíngavinnuhópa frá Bláskógabyggð í skamman tíma sem nýttust vel.

### Ástand vallar

Veturinn 2015-2016 var frekar erfiður fyrir völlinn. Klaki myndaðist snemma og mikil sjálög kölluðu á vinnu við að hreinsa flatir af snjó svo hláka gæti brætt klakann sem undir var. Alls voru flatir því hreinsaðar af snjó tvisvar sinnum og stöku flatir oft. Þessi vinna borgaði sig þó svo við hefðum ekki sloppið við kal skemmdir en skemmdir á flötum voru nokkrar í vor. Þær gréru flestar vel þegar leið á sumarið enda var sumarið með eindæmum hagstætt. Þó fóru verst brautirnar okkar og sáum við kalskemmdir á stöðum sem aldrei hafa hlotið skemmdir áður. Illa gekk að fá upp úr sáningum en á seinni hluta sumars og í haust bar þó töluvert á því sáningar kæmu upp. Því bíður okkar áfram töluverð vinna á næsta ári við að fá gras aftur í skemmdar brautir. Nú þegar vetur er að skella á er ástand vallarins mjög gott og fara flatir og teigar vel útlýtandi inn í veturinn. Ég er því bjartsýnn á komandi vetur og vor í þessum efnum.

### Framkvæmdir

Framkvæmdir á árinu snérust að mestu um lokafrágang á því sem hófst haustið 2015 en ýmislegt var þó gert til bóta á árinu.

#### 10. / 11. hola

Þar ber fyrst að nefna endurmótun á svæðinu aftan við 10. flötina og skurðinum framan við 11. teigana. Mótunin gekk vel og á vormánuðum var gott veður til að vinna jörðina. Svæðið var allt tætt upp og unnið fyrir sáningu sem gekk vel. Vel kom upp úr sáningu og fór svæðið fagurgrænt inn í veturinn. Ætti nýsáningin að komast í sömu umhirðu og brautir fljótlega á næsta ári. Þó á eftir að grafa skurð og leggja rör í lágpunkt vatnsfarvegsins til að auðvelda fluting á umframvatni af svæðinu og þurrka það betur.

Drenlagnir sem lagðar voru í brautina haustið 2015 gréru ágætlega og sönnuðu gildi sitt. Aldrei varð framræsta svæðið eins blautt og það var áður fyrr í rigningum og mun betri grasvöxtur fylgdi bættum vaxtarskilyrðum.

Stóra skurðinum sem þveraði brautina framan við flötina var lokað með ræsi í vor og gekk sú aðgerð vel. Sáð var í sárið og er það slegið sem braut í dag sem gerbreytir flæði brautarinnar í leik.

Nýr vegur var kláraður frá gamla skurðinum og að 12. Teigunum og ber hann alla golfbílumferð og dregur til sín drenvatn úr brautinni og reyndist vel.

## 1. flötin

Vinna við fyrstu flötina hélt áfram í vor og var farið í landmótun hægra megin við flötina. Einnig voru lagðir drenbarkar upp í brekkuna framan við flötina til að leiða burtu vatnið sem kemur annars undan brekkunni og inn á flötina. Þessa aðgerðir heppnuðust vel og í hausrigningum sat hvergi vatn á flöt eða í kringum hana. Sandgryfja hægra megin framan við flötina var einnig tekinn í notkun. Svæðið í og kringum flötina ætti því að gróa vel næsta sumar.

## Vökvunarkerfi

Á haustmánuðum var hafin vinna við að setja niður sjálfvirkt vökvunarkerfi í flatir á seinni níu holum vallarins. Valið var að byrja á þessum hluta vallarins þar sem þær flatir eru allar uppbyggðar á sand undirlagi og því mikilvægara að geta vökvað þær í þurrkum og haldið þannig leikgæðum jafnari. Stofnlögn liggur upp að flesum flötum á þessum hluta og því frekar stutt að tengja inn á stofnlögnina.

Þegar þetta er skrifað er lagningu í 10., 11., 12., 13., og 17 flöt lokið og hafin vinna við 16. flöt. Vonir standa til að hægt verði að ljúka uppsetningu í flatir nr. 14, 15 og 18 næsta vor.

Núverandi áætlanir eru að draga vatn fyrir kerfið úr gamla vatnsbólínu ofan við 11. teigana en til þess þarf að setja upp dæluhús og dælu. Ljóst er að í miklum þurrkum er möguleiki á að vatnsbólíð þorni upp en búið er að leggja lagnir niður að á þar sem hægt er að dæla vatni í bólíð ef þess þarf. Hreinsa þarf og stækka tjörnina eins og kostur er og er undirbúningsvinna þessa vegna í fullum gangi.

Vökvunarkerfið er stærsta einstaka framkvæmd haustins/vetrarins og ekki er ráðgert að fara í miklar aðrar framkvæmdir aðrar en lagfæringar hér og þar.

## Umhverfi skála

Nýr og glæsilegur pallur reis fyrir tilstilli ötulla félagsmanna á vormánuðum. Samhliða því steypi Múrarameistarafélagið nýja stétt fyrir utan og er því aðkoma að skálanum nú til mikillar þrýði. Að endingu var sá hluti af hlaðinu framan við skálann sem enn var malarflötur klæddur með olíumöl. Enn og aftur er samstaða og samheldni klúbbsfélaga vellinum og klúbbum til framdráttar.

## Önnur verk

Ýmis önnur verk voru innt af hendi bæði vallarstarfsmanna og félagsmanna. Nokkuð átak var gert í stígum á seinni hluta vallarins í vor og heldur sú vinna áfram næsta vor. Ný trébrú var smíðuð yfir lækinn við 15. teiga og þá komu langþráðar tröppur upp á teigana á 9. braut og ráðlagt er að halda þeirri vinnu áfram til dæmis á 6. teig á næsta ári. Jón Hauksson hefur séð um þessar smíðavinnu.

## Vélakaup

Árinu var haldið áfram að bæta vélakost klúbbsins. Fest voru kaup á 2,7T Caterpillar beltagröfu á vormánuðum sem hefur strax sannað gildi sitt. Hún er alger forsenda þess að hægt sé að sinna framkvæmdum og lagfæringum á þann hátt sem best verður á kosið og því eins mikilvægt tæki í vélaflotann og slátturvélarnar.

Þá fjárfesti klúbburinn í vinnubíl af gerðinni TORO MDx sem er millistærð af vinnubíl og léttir á notkun stærri bíls í okkar eigu sem hentar ekki í smærri verk sem þessi er hugsaður fyrir. Einnig lengir það líftíma stærri bílsins.

Ekki er ljóst að svo stöddu hvað verður í vélakaupum næsta árs en stefnt er að ferð á vélasýningu í febrúar með Jötun vélum þar sem allar helstu nýngar verða skoðaðar. Þó er ljóst að komið er að endurnýjun á slátturvélum klúbbsins því mest notuðu vélar klúbbsins eru að nálgast 3000 vinnustundir og verða dýrari í viðhaldi eftir því sem þær eldast.

## Lokaorð

Sumarið 2016 var vellinum, starfsmönnum og kylfingum gott. Maí mánuður var að venju frekar þurr og lengsti þurri kafli sumarsins var 14 daga þurrkur fram til 14. maí. Þegar kom fram í sumarið var veður hagstætt, hlýtt í lofti og regluleg rekja milli góðviðrisdaga gerði skilyrði til viðhalds og golfiðkunar hagstæð. Það má segja að veður hafi verið gott alveg út október mánuð ef við lítum til hitastigs en haustið var afa blautt. Sem dæmi rigndi nánast upp á hvern einasta dag í september eða í 23 daga fram til 25. september. Mesta dagsúrkoma var þó 25. október þegar rúmlega 62 mm rigndi á einum degi, en í október mánuði rigndi alls 277 mm sem er 101 mm meira en í október árið á undan!

Á komandi ári munum við einbeita okkur að því að bæta leikgæði okkar enn. Jafnari flatir, snytilegri sandgryfjur, tíðari röffsláttur og áframhaldandi snyrtimennska eru áherslur sem eru okkur ofarlega í huga.

Vallarstarfsmenn þakka kylfingum og félagsmönnum fyrir árið.

Sveinn Steindórsson  
Vallarstjóri